

5

Á 2. verðlagssvæði:

7. jan.

Karlar kr. 250.00
Ógiftar konur — 180.00

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkv. lögum nr. 116 1954, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, gengur í gildi 1. janúar 1955.

Félagsmálaráðuneytið, 7. janúar 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

6

REGLUGERÐ

7. jan.

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Sandgerði í Miðneshreppi, nr. 64
21. apríl 1948, sbr. reglugerð nr. 272/1950.

1. gr.

Öll hafnargjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu innheimtast með 25% viðauka, til ársloka 1955.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lend-ingarhætur, nr. 29 23. apríl 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. janúar 1955.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

7

AUGLÝSING

10. jan.

um breyting á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vantsskatts í Reykjavík,
nr. 213 23. des. 1947.

1. gr.

1. gr. 1. málsg. orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt, 2% af fast-eignamatsverði hússins.

2. gr.

2. gr. 2. málsg. orðist svo:

Aukavatnsskatt skv. 1. málsg. skal innheimta samkvæmt mæli með 80 aura verði fyrir hvern teningsmetra.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og sam- 7
þykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 10. jan.
5. júní 1947, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 10. janúar 1955.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóhanns Ellertssonar, 8
útfegin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. janúar 1955. 10. jan.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóhanns Ellertssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóhanns Ellertssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á jarðarfarardegi Jóhanns Ellertssonar, þann 13. nóvember 1952, með 1000.00 króna framlagi frá U. M. F. Æskan í Staðarhreppi og kr. 1965.00 frá öðrum vinum hins látna, samtals krónum 2965.00, og er fé þetta ávaxtað í Sparisjóði Sauðárkróks.

3. gr.

Afla skal sjóðnum tekna með frjálsum samskotum, merkjasölu, eða öðru því, sem stjórn hans þykir tiltækilegt á hverjum tíma.

4. gr.

Ávaxta skal sjóðinn í Sparisjóði Sauðárkróks eða annarri tryggri peningastofnun. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að lána úr honum einstaklingum eða félagsamtökum í Staðarhreppi gegn öruggu veði fyrir greiðslu vaxta og höfuðstóls og þannig, að sjóðurinn geti aldrei hlotið tjón af.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en þegar hann er orðinn kr. 10000.00 má úr því verja árlega $\frac{1}{4}$ hluta vaxtatekna hans til fátæks barns eða gamalmennis í Staðarhreppi. Þá úthlutun skulu annast formaður U. M. F. Æskunnar, hreppstjóri Staðarhrepps og sóknarprestur Reynistaðarsóknar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera hin sama og U. M. F. Æskunnar. Skal hún árlega leggja reikning sjóðsins fyrir aðalfund félagsins, endurskoðaðan af endurskoðendum þess. Hætti U. M. F. Æskan störfum, skal það ungmennafélag, sem síðar er stofnað í Staðarhreppi, annast rekstur sjóðsins á sama hátt.

Ef ekkert ungmennafélag starfar í Staðarhreppi, skal stjórn sjóðsins skipuð hreppstjóra Staðarhrepps, sóknarpresti Reynistaðarsóknar og einum manni tilnefnd-